

Hólmavík 27. mars 2025

Sent til: Atvinnuvegaráðherra, þingmanna NV-kjördæmis, aflamarksnefndar og forstjóra
Byggðastofnunar

Afrit: Sveitarstjórn Strandabyggðar

Varðar: Sérþækt aflamark Byggðastofnunar á Hólmavík

Kæru viðtakendur

Það var mikið áfall í litlu samfélagi þegar Hólmadrangur ehf hætti rækjuvinnslu á Hólmavík á vormánuðum 2023. Í kjölfarið misstu 18 manns vinnuna í þessu litla samfélagi. Í framhaldi af því hófst vinna við að skoða ný atvinnutækifæri í húsnæðinu og jafnframt unnu sveitarstjórn og þingmenn kjördæmisins ötullega að því að leita leiða sem vænleg væru til að byggja undir ný störf.

Þetta leiddi af sér að samningur var gerður um sérþækt aflamark á Hólmavík. Nú er unnið samkvæmt samningi sem gildir fyrir yfirstandandi fiskveiðiár og til næstu 5 fiskveiðiára þar á eftir. Tilgreind eru í samningi “allt að” 500 þorsgildistonn á hverju fiskveiðiári. Líkt og er um þá samninga flesta er um vinnsluskyldu að ræða og þar sem ekki var bolfiskvinnsla á Hólmavík tóku nokkrir aðilar sig saman og stóðu að stofnun fyrirtækis, keyptu húsnæði Hólmadrangs, vélar og tæki og settu upp vinnslu á um 2 mánuðum svo þetta úrræði gæti orðið að veruleika. Frá 1. júlí 2024, þegar vinnsla hófst, og út febrúar 2025, eða á fyrstu 8 mánuðum var unnið úr um 700 tonnum af fiski miðað við slægt magn. Hjá fyrirtækinu starfa nú 20 manns, auk þess hefur þetta úrræði skapað af sér fjölda afleiddra starfa í útgerð, landbeitingu, flutningum o.fl. á staðnum.

Strax á fyrsta ári samnings var úthlutað magn skert um 7,2% og nú þegar miklar breytingar eru boðaðar innan 5,3% pottsins finnst okkur sem stöndum að vinnslunni á Hólmavík óvissan vera óþægilega mikil fyrir nýstofnað fyrirtæki. Sennilega er okkar fyrirtæki í hvað viðkvæmastri stöðu af þeim sem eru með samninga við Byggðastofnun um sérþækt aflamark, í ljósi þess hve starfstíminn er stuttur og fjárfestingar við að útbúa húsnæði og vinnslu standa enn yfir. Það er fullur skilningur hjá vinnsluaðila á því að þetta úrræði er til takmarkaðs tíma, samningur er til 6 ára og reynsla annars staðar er yfirleitt sú að þetta úrræði hafi verið til staðar í að lágmarki 12 ár. Nú þegar er farið að huga að því hvernig þennan stuðning megi nýta til að koma á öðrum verkefnum hjá

fyrirtækinu, sem ekki eru háð þessum stuðningi til lengri tíma litið. Þessi samningur er þó mjög mikilvægur svo sú sýn megi raungerast og allar áætlanir og ákvarðanir miðaðar við 500 þorskígildistonn út samningstímann.


Til viðbótar þessu liggur fyrir að sá almenni byggðakvóti sem hefur verið úthlutað til Strandabyggðar mun væntanlega skerðast mjög mikið eða jafnvel þurrkast út á næsta ári. Þau árlegu 130 tonn m.v. síðustu ár er á grunni skerðingar landaðs afla af rækju "sem veidd er á Íslandsmiðum". Núverandi viðmiðunarár er fiskveiðiárið 2014/2015, sem mun detta út sem viðmiðunarár á næsta ári miðað við óbreyttar reglur.

Við vildum því rekja áhyggjur af stöðu okkar og óvissu varðandi þau nýju störf sem tekist hefur að skapa á Hólmavík í kjölfar samningsins. Við teljum mikilvægt að slíkt úrræði sé til staðar óskert í ákveðinn tíma svo það nái tilgangi sínum um jákvæða þróun í atvinnusköpun til lengri tíma litið. Við viljum því óska viðbragða frá viðtakendum um hvernig þeir sjái að megi gæta sérstaklega að þessari viðkvæmu stöðu hér í Strandabyggð eða hvort vilji sé að tryggja að á fyrstu 6 árum samningstíma sé úthlutað magn varið skerðingu svo ekki verði forsendubrestur, sem leiði af sér að nýsköpuð störf tapist jafnóðum aftur.

Þeim sem vilja kynna sér frekar starfsemi og áform fyrirtækisins og ræða stöðu mála frekar bjóðum við velkomin í heimsókn eða að taka símtal.

Með vinsemd og virðingu,

Stjórn Vilja fiskverkunar ehf



Pétur Matthíasson, stjórnarformaður



Björk Ingvarsdóttir



Gunnlaugur Sighvatsson